

GJALDSKRÁ

um holræsi í Hólmavíkurbreppi Strandasýslu.

Tengigjöld.**1. gr.**

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00 en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00 fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m³.

Árlegt holræsagjald.**2. gr.**

Árlegt holræsagjald skal vera 0.18% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámarksgjald kr. 10.00 pr. m³ íbúðar, lágmarksgjald kr. 8.00 pr. m³ íbúðar. Lágmarksgjald fyrir önnur hús kr. 5.50. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00. Gjaldskrá þessi má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

27. janúar 1977.

Nr. 74.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 150.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 300.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. febrúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.